



Drög að Staðardagskrá 21 fyrir Fljótsdalshrepp



Mars 2005

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Drykkjarvatn	5
Menningarminjar	6
Úrgangsmál	8
Orkunýting	10
Atvinnulífið	11
Fjölskyldumál.....	13
Útivist	15
Þjóðgarður	17
Hreindýr	19
Virkjun	20

Inngangur

Fljótsdalur skerst inn í hálendið upp af miðju Fljótsdalshéraði. Sveitarfélagið nær frá innsta hluta Lagarfljóts allt inn á Vatnajökul. Landslag mótast af jökulsorfnum dölum og skiptist Fljótsdalur innan til í Suðurdal og Norðurdal. Segja má að Lagarfljótið sé aðalkennileiti á láglandi. Á hásléttunni inn af Fljótsdal eru víðáttumikil og vel gróin heiðalönd. Þar eru góð beitolönd fyrir sauðfé, auk þess sem þarna eru aðalheimkynni hreindýra hér á landi. Snæfell gnæfir yfir sveitarfélaginu, hæsta fjall á landinu utan jökla, 1833 m.y.s. Ystu bæir sveitarfélagsins eru Droplaugarstaðir norðan Lagarfljóts og Vallholt að austan. Síðan liggja mörk sveitarfélagsins eftir dölum og heiðum, um hátopp Snæfells og allt inn að Breiðabungu á Vatnajökli.

Sauðfjárrækt hefur alla tíð verið aðal atvinnugreinin í dalnum, en með samdrætti í greininni og niðurskurði vegna riðu, hefur það breyst. Í dag er bændaskógrækt stunduð á flestum jörðum í sveitarfélaginu og hefur á undanförunum árum skapað tekjur og atvinnu fyrir íbúa hreppsins. Auk þess stunda nokkrir íbúar vinnu á Egilsstöðum. Allnokkrar breytingar hafa orðið á aðstæðum fólks í sveitarfélaginu á síðustu árum og fyrirsjáanlegt að enn meiri breytingar geti orðið í framtíðinni. Til að nýta þau tækifæri sem felast í samfélaginu og skapa möguleika á að stýra breytingunum í jákvæða átt fyrir íbúana er nauðsynlegt að móta framtíðarsýn hreppsins undir merkjum Staðardagskrár 21, þar sem stuðlað er að sjálfbærri þróun samfélagsins í heild.

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum heimsins er ætlað að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Þessi áætlun skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á hverju svæði og á hún að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Með þessari áætlun er verið að vinna að framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og leitast er við að svara þeirri spurningu hvernig íbúarnir og aðrir hagsmunaaðilar vilja að sveitarfélagið þróist á næstu árum og áratugum.

Á haustmánuðum 2004 skipaði hreppsnefnd Fljótsdalshrepps nefnd sem vinna skyldi að mótun Staðardagskrár 21 fyrir sveitarfélagið. Í nefndinni sátu: Jóhann Frímann Þórhallsson, Brekkugerði, formaður; Guðrún Einarsdóttir, Arnheiðarstöðum; Ingveldur Þórey Eyjólfsdóttir, Víðivöllum ytri 2; Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum og Sigmar Ingason, Valþjófsstað 1. Með nefndinni vann Ragnhildur Helga Jónsdóttir, starfsmaður Landsskrifstofu Staðardagskrár 21.

Þessi nefnd ásamt hreppsnefnd ákvað í upphafi hvaða málaflokkar skyldu teknir fyrir og eru þeir eftirtaldir: drykkjarvatn, menningarminjar, úrgangsmál, orkunýting, atvinnulífið, fjölskyldumál, útivist, þjóðgarður, hreindýr og virkjun.

Ekki þótti ástæða til að taka fyrir fráveitumál í ljósi þess að fyrir nokkrum árum var ráðist í átak í þeim málum, rotþrær voru settar á flesta bæi, og ástandið því í nokkuð gott. Rotþrær eru þó ekki á tveimur bæjum og einnig vantar nokkuð upp á að þær séu á öllum þeim bæjum sem nýttir eru sem sumarhús. Rotþrær eru tæmdar reglulega annað hvert ár. Samið var við fyrirtæki á Egilsstöðum um tæmingu og er seyrinni safnað í seyrugryfju á Valþjófsstað. Staðardagskrárnefndin hvetur til þess að rotþrær verði settar upp á þeim bæjum og sumarhúsum sem ekki eru með rotþrær, til að ástandið verði gott í þessum málaflokki í öllu sveitarfélaginu.

Nefndinni þykir rétt að gera hér í inngangskaflanum grein fyrir því sem helst kann að valda erfiðleikum og vanda á komandi árum en einnig þeim sóknarfærum sem við blasa. (Ógnir og tækifæri).

Neikvæðir þættir:

1. Fámenni er í sveitarfélaginu og þar af leiðandi hætt við skorti á fjármagni til að ýta undir frumkvæði og framtak íbúanna.
2. Áföll í búskap vegna sauðfjársjúkdóma.
3. Skaði á skógargróðri vegna árferðis eða skordýra.
4. Bakslag í afkomu þegar virkjunarframkvæmdum lýkur.

Jákvæðir þættir:

1. Víðlendi hreppsins og fjölbreytni í náttúrufari.
2. Miklir og margvíslegir möguleikar í ferðapjónustu.
3. Skógræktin vaxandi atvinnugrein, sem síðar gæti orðið undirstaða iðnaðar.
4. Sauðfjárrækt sem stendur á gömlum merg og gæti lagt til hráefni í matvælaframleiðslu.
5. Óvenju góð skilyrði til margvíslegrar jarðræktar. Mikið landrými, hagstætt veðurfar og góður jarðvegur.
6. Möguleikar á að virkja ár og læki á nokkrum stöðum.
7. Hagstæð staðsetning. Aðeins eru 45 km til Egilsstaða en þar er fjölbreytt þjónusta í boði og góður flugvöllur. Einnig er skammt til góðra hafna á Seyðisfirði og Reyðarfirði.

Gildistími þessa plaggs er til ársins 2017 eða 12 ár og fellur það saman við gildistíma aðalskipulags sveitarfélagsins. Mikilvægt er að meta reglulega hvernig gangi að fylgja eftir þeim verkefnum sem sett eru fram í þessu skjali, jafnframt því sem endurskoðun þess fer reglulega fram, eða á um þriggja ára fresti. Þetta er gert til að skjalið sé lifandi, þ.e. að tekið sé tillit til þeirra breytinga sem verða í sveitarfélaginu, þau verkefni sem þegar er búið að hrinda í framkvæmd verði tekin út og önnur sett í staðinn. Mikilvægt er að þetta skjal sé ávallt haft til hliðsjónar í vinnu sveitarstjórnar og verkefnalisti Staðardagskrár sé notaður til að forgangsraða þeim verkefnum sem ráðast skal í.

Það er von þeirra sem að vinnunni komu að þessi velferðaráætlun Fljótsdalshrepps nýtist samfélaginu til heilla og megi stuðla að sem bestu skilyrðum íbúa og náttúru um ókomin ár.

Úr *Dalvísum* eftir Jörgen E. Kjerúlff

*Einlægt vaknar æskubrá
er ég heilsa dalnum mínum.
Fagur himinn, fjöllin blá,
fannaskriður, björgin há.
Hvar sem dvel ég hér í frá
hugur skrifar mjúkum línun.
Einlægt vaknar æskubrá
er ég heilsa dalnum mínum.*

.....

*Blessuð vertu, byggðin mín,
blómgist æ þín gæfa og hagur
ef að bestu börnin þín
bera þig á örmum sín.
Ef það göfga aldrei dvín
upp þér rennur heilladagur.
Blessuð vertu, byggðin mín,
blómgist æ þín gæfa og hagur.*

Drykkjarvatn

Stöðulýsing:

- Víðast hvar eru vatnsmál í lagi á bæjum í dalnum, bæði gott og öruggt vatn. Þó eru undantekningar á því, einkum ef miklir þurrkar eru eða langvarandi frostakaflar.
- Almennt er notað uppsprettuvatn, dæmi er um að yfirborðsvatn sé notað, en á einum stað er vatni dælt upp og líklega er það öruggara og í sumum tilfellum betra vatn.
- Á mörgum stöðum þarf að bæta umbúnað í uppsprettum, brunnar eru orðnir gamlir og lélegir og þarfnast endurnýjunar.
- Almennt eru vatnsból fyrir hvern og einn bæ, ekki sameiginlegar vatnsveitur.
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með gæðum vatns á Skriðuklaustri, Brekkugerðishúsum, Végarði og í vinnubúðum í landi Valþjófsstaðar.
- Staðsetning vatnsbóla er merkt inn á aðalskipulag.

Framtíðarsýn:

- ❖ að allir íbúar hafi aðgang að nægu, tryggu og góðu vatni allt árið um kring.

Verkefnalisti:

- Sýni verði tekin reglulega til að votta gæði vatnsins. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Átak verði gert í að laga ástand og umbúnað vatnsbóla og vatnsleiðslna. Farið verði á alla bæi, sýni tekin og ástandið metið. Í framhaldinu verði gripið til þeirra úrlausna sem þarf, m.a. magnútboðs á vatnstönkum og niðursetningu þeirra, auk lagfæringa á vatnsleiðslum. Tryggt sé að leiðslur séu nægilega sverar, meðal annars til að þær geti nýst til slökkvistarfa. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur Verklök: 30. sept. 2006.*
- Girt verði í kringum öll vatnsból, til að þau uppfylli kröfur sem gerðar eru. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: 30. sept. 2006.*
- Borað verði eftir vatni þar sem það telst hagstæðara, til að fá tryggara og betra vatn en nú er. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: 2009.*

Menningarminjar

Stöðulýsing:

- Skráning menningarminja í hreppnum er nokkuð góð. Gerð hefur verið aðalskráning menningarminja ásamt ítarlegri skráningu í tengslum við virkjun.
- Helgi Hallgrímsson hefur skráð mikið af minjum inn á loftmyndir vegna skógræktarverkefna, auk þess að skrá inn örnefni.
- Á skógræktarsvæðum eru allar gamlar rústir merktar og ekki má gróðursetja of nærri þeim.
- Mikið er af menningarminjum í dalnum sem tengjast bæði búsetu og sögnum. Má þar nefna Skriðuklaustur og Valþjófsstað, auk Hrafnkelssögu sem gerist að hluta á svæðinu.
- Einn merkasti forngripur landsins er gömul hurð frá fornri kirkju á Valþjófsstað. Nákvæm eftirgerð hennar er í núverandi kirkju.
- Eitt elsta mannvirki á svæðinu er Melarétt í landi Hamborgar, sem byggð var 1905. Hún er farin að láta á sjá, en hefur verið endurhlaðin að hluta.
- Hagnýtar upplýsingar hafa verið settar á skilti sem staðsett eru við Hengifossá og við Bessastaðaá.
- Ákveðið hefur verið að sveitarfélagið taki þátt í gerð sögukorts af Austurlandi, ásamt öðrum sveitarfélögum.
- Ýmsar þjóðsögur eru til og flestar þeirra skráðar í þjóðsagnasöfnum
- Kort hefur verið gert af álfaslóðum í Fljótsdal.
- Eftir er að kortleggja draugasögur á svæðinu.
- Margar sögur eru til af Lagarfljótsorminum.
- Til eru gömul Grýlukvæði sem lýsa meðal annars að heimkynni Grýlu séu í Fljótsdal.
- Gömul þjóðsaga fylgir Droplaugarstöðum, þar sem segir frá Parthúsa-Jóni.
- Á Skriðuklaustri telja menn sig geta bent á leiði hinnar frægu þjóðsögupersónu, Jóns hrak.
- Merkir staðir í sveitarfélaginu eru m.a.: Einbúinn við Mela, Hengifossárgilið, Kirkjuhamar við Vallholt, Kleif, Baulutangi við Brekkugerði, Völusteinn á Melum, Árnasteinn við Arnheiðarstaði, Gálgaklettur við Arnheiðarstaði og Goðaborgir í Hamborgarlandi. Jafnframt Sunnevuhylur í Bessastaðaá, Bessahaugur og Þingvöllur á Bessastöðum.
- Góðar heimildir eru til um fornan skála og stafkirkju á Valþjófsstað.
- Klaustur var á Skriðuklaustri á árunum 1493 til 1552 og standa yfir fornleifarannsóknir þar.
- Læknissetur var á Brekku í 104 ár á tímabilinu 1772-1943. Héraðslæknir hafði þar aðsetur.
- Sýslumannssetur var á Víðivöllum og Skriðuklaustri.

Framtíðarsýn:

- ❖ að tryggð verði varðveisla menningarminja og sagna á svæðinu og það nýtt til að laða að ferðamenn á svæðið.
- ❖ að upplýsingum um menningarminjar og sögu verði miðlað til heimamanna og gesta hreppsins.
- ❖ að tryggt verði að sá menningararfur sem felst í þjóðsögum á svæðinu glatist ekki og verði komið áfram til komandi kynslóða.
- ❖ að þjóðsögurnar verði nýttar til að auka aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn.

Verkefnalisti:

- Klárað verði að endurhlaða Melarétt og henni haldið við. *Ábyrgð: Fjallskilanevnd, landeigendur og hreppsnefnd. Verklök: 1. sept. 2007.*
- Markverðir staðir verði merktir og upplýsingum um þá komið á framfæri. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Gunnarsstofnun. Verklök: Árslok 2008.*
- Bæir og eyðibýli verði merkt. Á eyðibýlum verði merkt hvenær þau fóru í eyði og hverjir voru síðustu ábúendur. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Gunnarsstofnun. Verklök: Árslok 2008.*
- Gert verði áttak í að merkja staði, sem tengjast þekktum þjóðsögum og Íslendingasögum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Gunnarsstofnun. Verklök: Árslok 2008.*
- Virkjunarminjum verði haldið til haga og gerðar aðgengilegar fyrir gesti. *Ábyrgð: Landsvirkjun og Hreppsnefnd. Verklök: Árslok 2010.*
- Gögn frá Héraðsskógum verði tekin saman í eitt stórt kort, þar sem fram koma menningarminjar og örnefni. Þetta kort verði gert aðgengilegt fyrir íbúa og aðra sem þess óska. Meðal annars verði vöð á ám, gangnakofar og gamlar rafstöðvar merkt þar inn. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Héraðsskógar. Verklök: Árslok 2010.*
- Smiðjan á Hóli verði endurreist og gerð eins upprunaleg og hægt er, með þeim tækjum sem notuð voru í henni. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: Árslok 2010.*
- Endurbyggð verði forn skáli og stafkirkja á Valþjófsstað. *Ábyrgð: Sóknarnefnd, sóknarprestur, landeigendur og hreppsnefnd. Verklök: 2017.*

Úrgangsmál

Stöðulýsing:

- Sveitarfélagið er ekki aðili að Sorpsamlagi Miðhéraðs, en hefur gert samning við samlagið um móttöku og urðun sorps. Jafnframt sér sorpsamlagið um þá áætlunargerð sem þarf fyrir hreppinn, þ.m.t. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, en sveitarstjórn tekur formlega ákvörðun í málinu.
- Samið var við verktaka um sorphirðu. Farið er einu sinni í viku á hvern bæ og heimilissorp tekið. Öðru sorpi þarf að koma á gámavöll á Egilsstöðum. Þó hefur söfnun brotajárns verið innan sveitar, nokkuð reglulega.
- Gámar fyrir almennt sorp voru við Végard sumarið 2004, sem þjónusta við ferðamenn.
- Sveitarfélagið stóð fyrir nokkru síðan fyrir söfnun rúlluplasts.
- Sorphirðugjald er innheimt af heimilum en það hefur ekki staðið undir þeim kostnaði sem hlýst af sorphirðu og sorpeyðingu. Fyrirtæki þurfa að flytja sitt sorp til Egilsstaða og greiða þau fyrir móttöku þess.
- Ekki er boðið upp á neina flokkun á heimilissorpi heima í sveitarfélaginu. Þeir sem þess óska geta skilað flokkuðum úrgangi á móttökustöðina á Egilsstöðum.
- Umf. Þristurinn hefur staðið fyrir söfnun skilgjalddsskyldra umbúða í Atlavík en engin söfnun hefur verið innan sveitarfélagsins.
- Á nokkrum bæjum eru katlar til upphitunar, þar sem eitthvað af úrgangi er brennt, einkum pappír.
- Á mörgum bæjum eru gryfjur þar sem urðuð eru hræ, auk þess sem víða er safnað saman ýmiss konar úrgangi í opnar gryfjur.
- Í sveitinni hefur hvorki tíðkast að henda úrgangi í ána né fljótið og er það vel.

Framtíðarsýn:

- ❖ að komið verði upp aðstöðu fyrir íbúa sveitarfélagsins til að flokka úrgang.
- ❖ að íbúar sveitarfélagsins geti losnað við það rúlluplast sem til fellur og því sé fargað á viðurkenndan hátt.
- ❖ að sveitarfélagið, í samstarfi við önnur sveitarfélög á svæðinu, vinni 12 ára áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Verkefnalisti:

- Unnin verði 12 ára áætlun um meðhöndlun úrgangs í Fljótsdalshreppi í samræmi við 8. gr. rgl. nr. 737/2003¹. Í áætluninni verði sett fram hvaða leiðir séu færar til að lágmarka myndun úrgangs og auka flokkun. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. júlí 2005.*
- Komið verði upp söfnunarílati fyrir dósir og flöskur við Hengifossá. Einnig verði þar sett sorpílat fyrir almennt sorp. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Umf. Þristurinn. Verklök: 1. júní. 2005.*

¹ Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota eða endurnýta úrgang og förgunarleiðum. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

- Skoðaðir verði möguleikar á starfrækslu gámaplans þar sem eru gámar fyrir nokkur aðskilin efni, s.s. timbur, járn, fernur, pappír og e.t.v. fleiri. Tryggt verði að frágangur og umgengni á planinu verði góð. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklok: 1. sept. 2006.*
- Unnið verði að því að auka flokkun sorps heima á bæjunum og sorphirðan verði í samræmi við það, þ.e. hirtir verðir mismunandi flokkar úrgangs. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklok: Haust 2008.*
- Sveitarsjóður beri ekki kostnað af hirðingu og meðhöndlun úrgangs heldur skuli sorpgjöld standa undir því. Beitt sé hagrænum hvötum, sbr. mengunarbótareglu². *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklok: 2015.*

² Mengunarbótareglan kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur vegna skaða sem þeir valda. Á Íslandi er mengunarbótareglunni til dæmis framfylgt með því að leggja spilliefnagjald á öll spilliefni.

Orkunýting

Stöðulýsing:

- Á tveimur bæjum í hreppnum eru heimarafstöðvar; á Droplaugarstöðum og Geitagerði.
- Hægt væri að setja upp rafstöðvar á fleiri stöðum og í einhverjum tilfellum er búið að kanna rennsli áa og þar með möguleika til orkuframleiðslu.
- Það er ákveðin hindrun fyrir framleiðslu rafmagns á almennan markað hversu dýrt er að tengjast Landsneti.
- Bessastaðaárvirkjun hefur þegar verið hönnuð að mestu leyti en byggingu hennar hefur verið frestað um óákveðinn tíma.
- Á nokkrum bæjum eru timburafgangar nýttir til kyndingar.
- Á nokkrum bæjum er olía notuð til kyndingar.
- Volgra er við Egilsstaði í Fljótsdal og jarðhiti er inni við Laugafell, en það svæði er of langt frá byggð til að hægt sé að nýta það.
- Ekki hafa verið boraðar tilraunaholur vegna jarðhitaleitar í sveitarfélaginu.

Framtíðarsýn:

- ❖ að sú orka sem býr í vatnsföllum á svæðinu verði nýtt íbúunum til hagsbóta.
- ❖ að sú auðlind sem felst í heimaöfluðu timbri verði nýtt til að draga úr kyndingarkostnaði heimila í sveitarfélaginu.
- ❖ að sú orka (heitt affallsvatn) sem fellur til í virkjun við Valþjófsstað verði nýtt til atvinnusköpunar á svæðinu.

Verkefnalisti:

- Bændur verði hvattir til að nýta fleiri ár í hreppnum til raforkuframleiðslu. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: Árslok 2006.*
- Stofnað verði undirbúningsfélag um virkjun Bessastaðaár (Gilsárvatnavirkjun). *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Árslok 2006.*
- Gerð verði rannsókn á heildarlosun og heildarbindingu kolefnis í sveitarfélaginu. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, Héraðsskógar, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins. Verklök: 1. jan. 2007.*
- Leitað verði leiða til að byggja upp atvinnustarfsemi sem gæti nýtt þá orku sem fellur til í hreppnum, bæði með vatnsaflsvirkjunum, sem og affalli af virkjun við Valþjófsstað. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Árslok 2010.*
- Farið verði í sameiginlegt útboð á kötlum til kyndingar húsa, þar sem hægt er að nota hluta lífræna efnisins sem fellur til á heimilum, þ.e. pappír og timbur, til upphitunar. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og húseigendur. Verklök: 2012.*
- Rannsakað verði hvort nýtanlegan jarðhita sé að finna í byggð í dalnum og hvort metangas af botni Lagarflióts sé í nýtanlegu magni. Í framhaldinu verði hugsanlega ráðist í tilraunaboranir. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 2015.*
- *Stefnt að því að skipta út olúkyndingu fyrir vistvænni orkugjafa. Ábyrgð: Hreppsnefnd og húseigendur Verklök: 2010.*

Atvinnulífið

Stöðulýsing:

- Veruleg atvinna hefur skapast í sveitarfélaginu með tilkomu Héraðsskóga. Alls eru 23 jarðir í sveitarfélaginu með samning við Héraðsskóga, ýmist með öðrum búskap eða eingöngu skógarbúskap. Vinna við gróðursetningu hefur dregist saman síðustu ár, en hins vegar hefur vinna við grisjun og fleira þess háttar aukist.
- Sauðfjárrækt er mikilvæg atvinnugrein og á nokkrum jörðum er hún eina tekjuöflunin.
- Uppbyggingin á Skriðuklaustri hefur skapað ný störf í sveitarfélaginu. Um 9.000 gestir sóttu staðinn heim sumarið 2004 og voru 80-90% gestanna Íslendingar.
- Sumarið 2004 komu um 12.000 gestir í Végarð, 80-90% þeirra voru Íslendingar og að Hengifossi komu um 25.000 gestir, 80-90% þeirra voru erlendir.
- Árlega skrá sig 4.000-6.000 gestir í gestabók Valþjófsstaðarkirkju. Ætla má að það séu 50-70% þeirra sem þangað koma.
- Ferðapjónusta hefur verið veigalítil atvinnugrein í sveitarfélaginu; gisting er í boði á einum stað og á öðrum bæ er boðið upp á hestaferðir.
- Allar jarðir sveitarfélagsins hafa tekjur af hreindýraveiðileyfum, jafnframt því sem nokkrir aðilar hafa tímabundna atvinnu sem veiðieftirlitsmenn.
- Auk þessa vinna nokkrir íbúar við skólann á Hallormsstað sem og við virkjunarframkvæmdir.

Framtíðarsýn:

- ❖ að atvinnulífið í sveitarfélaginu verði öflugt og skapi fleiri störf en er í dag.
- ❖ að komið verði á fjölbreyttari starfsemi til að styrkja stoðir samfélagsins.

Verkefnalisti:

- Hlúð verði að starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri og leitað leiða til að byggja hana enn frekar upp. Það verði m.a. gert með því að leita eftir auknum fjárstuðningi við starfsemina, til að hægt sé að fjölga starfsmönnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Gunnarsstofnun. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Ýtt verði undir smáiðnað og handverk heimamanna, þar sem viður úr skóginum verði nýttur til atvinnusköpunar. *Ábyrgð: Félag skógarbænda. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Vinna skal að eflingu sauðfjárræktar í sveitinni með það að markmiði að bú stækki þannig að þau stuðli að búsetu og bæti afkomu fjölskyldna sem starfa vilja við sauðfjárrækt. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og sauðfjárbændur. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Stöðugt verði haldið uppi öflugri kynningu á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í sveitarfélaginu. Sérstaklega skal þeirri kynningu beint að líklegum fjárfestum og vænlegum samstarfsaðilum um framfaramál í hreppnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Skipuð verði ferðamálanefnd á vegum sveitarfélagsins sem sé samstarfsvettvangur ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu og hafi einnig það hlutverk að stuðla að aukinni ferðapjónustu. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, Gunnarsstofnun og ferðapjónustuaðilar. Verklök: Vor 2005.*
- Komið verði á fyrirtæki kringum sveppa- og berjatínslu úr skóginum, vinnslu og sölu á þeim. *Ábyrgð: Klausturkaffi og landeigendur. Verklök: 1. jan. 2007.*
- Kannaðir verði möguleikar á að efla jarðrækt í dalnum, svo sem bygggrækt. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, Búnaðarfélag og landeigendur. Verklök: 1. sept. 2009.*

- Skipulega verði unnið að því að merkja þær lagnir sem eru í jörðu í dalnum og þeim upplýsingum komið á kortagrunn, sem aðgengilegur sé hverjum sem er. Markmið er að koma upp korti af hverri jörð þar sem auk jarðlagna séu skráð helstu örnefni, byggingar og ræktun. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, Landsnet, Síminn og Rarik. Verklök: Árslok 2010.*
- Kannað verði með hvaða móti megi nýta þær undirstöður búðanna á virkjunarsvæðinu sem skildar verða eftir að framkvæmdum loknum. M.a. verði athugað hvort einhvers konar atvinnustarfsemi geti nýtt þetta svæði. Einnig verði skoðað hvort hægt sé að kaupa einhver húsanna í búðunum að framkvæmdum loknum, í þeim tilgangi að nýta þau fyrir atvinnustarfsemi. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: Árslok 2010.*
- Skoðaðir verði möguleikar á að koma á fót litlu sláturhúsi í hreppnum, þar sem slátrað verði fé úr næsta nágrenni og jafnframt verði stofnuð kjötiðnaðarstöð sem vinni þessar afurðir í neytendavænar pakkningar. Afurðirnar verði svo seldar sem hágæðavara, bæði innanlands og erlendis. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og sauðfjárþændur. Verklök: 2011.*
- Skoðaðir verði möguleikar á að koma á fót verksmiðju sem noti við úr skóginum í Fljótsdal sem hráefni, t.d. til framleiðslu á borðvið, parketi eða öðru. *Ábyrgð: Félag skógarþænda og hreppsnefnd. Verklök: 2012.*

Fjölskyldumál

Stöðulýsing:

- Sveitarfélagið er aðili að leikskóla á Hallormsstað. Þar fá inni börn allt frá 8 mánaða aldri og hingað til hefur verið nóg pláss á leikskólanum.
- Einnig er sveitarfélagið aðili að grunnskólanum á Hallormsstað. Þar eru nú 59 nemendur. Skólinn tekur þátt í Grænfána-verkefninu, sem og verkefninu „Lesið í skóginn“. Skólinn þykir góður og hefur hann fengið fjölda viðurkenninga fyrir frammistöðu sína og nemenda sinna.
- Sveitarfélagið er aðili að þeirri félagsþjónustu sem veitt er á Egilsstöðum, en framboð þjónustunnar hefur ekki verið kynnt nægilega. Einnig hefur heimilisaðstoð ekki tíðkast í sveitarfélaginu og er óljóst hver ástæða þess er.
- Sveitarfélagið er aðili að Dvalarheimili aldraðra á Egilsstöðum.
- Á svæðinu er starfrækt félag eldri borgara á Héraði og Borgarfirði. Það heldur reglulega fundi auk þess að standa fyrir öðru félagsstarfi.

Framtíðarsýn:

- ❖ að aðgengi íbúa að félagslegri þjónustu verði gott og stuðlað verði að því að fólk geti áfram búið á heimilum sínum fram á eiliár.
- ❖ að fræðsla til íbúa sveitarfélagsins verði aukin og með því móti geti þeir dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum af daglegum athöfnum sínum.
- ❖ að þeim sem vilja flytja inn í sveitarfélagið verði auðveldað það eins og hægt er.
- ❖ að aðgangur fólks að upplýsingakerfi nútímans verði tryggður með góðu netsambandi í sveitarfélaginu

Verkefnalisti:

- Spilavist og aðrar samverustundir fyrir alla íbúa hreppsins verði reglulega haldnar í Végarði. *Ábyrgð: Kvenfélagið Eining og Umf. Pristurinn. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Unglingavinnan verði eflað og vinni meðal annars að stígagerð og tiltekt. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Íbúum sveitarfélagsins verði kynntur réttur þeirra til að fá heimilisaðstoð, þegar hennar er þörf. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. júní 2005.*
- Öldruðum í sveitarfélaginu verði boðin keyrsla út á Egilsstaði til útréttinga og í félagsstarf. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. júní 2005.*
- Komið verði upp aðstöðu í Végarði, til að hægt sé að horfa á fótbolta og annað sjónvarpsefni. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Umf. Pristurinn. Verklök: 1. sept. 2006.*
- Almenn fræðsla um umhverfismál til íbúa sveitarfélagsins verði aukin, s.s. um flokkun á sorpi, leiðir til orkusparnaðar, vistvæn innkaup o.fl. Þetta verði gert t.d. með þátttöku í verkefninu „Vistvernd í verki“. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. jan 2006.*
- Sett verði upp heimasíða hreppsins, sem nýtt verði til upplýsingamiðlunar til íbúa og annarra. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. jan 2006.*
- Útbúinn verði fótbolta- og körfuboltavöllur við Végarð. *Ábyrgð: Umf. Pristurinn og Hreppsnefnd. Verklök: 1. sept. 2006.*
- Komið verði á góðu netsambandi sem geri íbúum sveitarfélagsins kleift að stunda nám og vinnu heiman að frá sér. Með því móti væri hægt að auðvelda fólki búsetu í hreppnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Árslok 2005.*

- Gerð verði könnun meðal ungs fólks sem uppalið er í hreppnum, en hefur flutt á brott til náms eða vinnu, um hvað þurfi að gera í sveitarfélaginu til að það sjái sér fært að flytja heim aftur. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: Árslok 2006.*
- Skipulögð verði smábýlahverfi (þ.e. lóðir sem væru 1-5 ha). Einnig verði á boðstólum minni lóðir (t.d. 700 – 1200 m²), sem og sumarhúsalóðir. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og landeigendur. Verklök: 2012.*

Útivist

Stöðulýsing:

- Í hreppnum eru mörg og víðáttumikil svæði sem henta til útivistar.
- Fjölmargar göngu- og reiðleiðir liggja innan hreppamarka. Leiðin upp að Hengifossi er merkt, auk þess sem hún er vel troðin. Nokkrar leiðir úr Fljótsdal yfir í Jökuldal eru varðaðar, en hins vegar eru fæstar af öðrum leiðum merktar.
- Landsvirkjun lét útbúa kort af ferðaleiðum á öræfum umhverfis Snæfell.
- Hestaferðir hafa verið skipulagðar úr Fljótsdal, nokkrum sinnum hvert sumar, þar sem farið er inn fyrir Snæfell og um svæðið í kring.
- Í hreppnum eru þrjár ár, Kelduá, Bessastaðaá og ósasvæði Gilsár, sem henta til silungsveiða á stöng. Hins vegar hefur sala veiðileyfa ekki verið markviss og óljóst hvert veiðimenn eiga að snúa sér til að kaupa veiðileyfi. Einnig er þó nokkur silungsveiði í Lagarfljóti. Veiðifélag Lagarfljóts hefur verið óvirkt síðustu ár.
- Gamall kláfur er yfir Jökulsá við Kleif sem getur haft aðdráttarafli fyrir ferðamenn.
- Sveitarfélagið er aðili að Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum, ásamt öðrum sveitarfélögum á Austurlandi.

Framtíðarsýn:

- ❖ að skapaðar verði sem bestar aðstæður til útivistar í sveitarfélaginu, bæði fyrir heimamenn og gesti þeirra.
- ❖ að upplýsingum um markverða staði, leiðir og fróðleik verði komið á framfæri til íbúa og gesta á svæðinu.
- ❖ að um leið og ýtt verði undir fjölgun ferðamanna á svæðinu, verði reynt að auka tekjur heimamanna af komu þeirra.

Verkefnalisti:

- Víðivallaskógur verði kynntur sem útivistarsvæði. *Ábyrgð: Landeigendur. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Staðið verði fyrir reglulegum gönguferðum í hreppnum, þar sem staðkunnugur aðili leiðir gönguna og fræðir þátttakendur um staðhætti og sögu á þeim slóðum sem gengið er um. *Ábyrgð: Umf. Þristurinn. Verklök: Stöðugt í gangi.*
- Komið verði á samstarfi við Hólaskóla eða aðra aðila um fræðslu og markmiðssetningu í sveitarfélaginu. Þetta verði gert til að byggja upp undirstöðu undir aukna ferðapjónustu. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 1. sept. 2005.*
- Við upphafspunkta göngu- og reiðleiða verði sett upp skilti með upplýsingum um heiti og lengd leiðarinnar. Þetta verði gert til að fleiri fari um þær leiðir sem fyrir eru, sem og til að bæta þær upplýsingar sem ferðamenn fá. Útbúinn verði texti með stuttri lýsingu af hverri gönguleið og þessum upplýsingum komið á framfæri með kortum eða sem skilti við upphaf hverrar gönguleiðar. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 1. sept. 2007.*
- Í tengslum við tjaldsvæði við Végarð verði komið upp baðaðstöðu og heitum pottum, sem lið í því að auka þjónustu við ferðamenn og fá þá til að dvelja lengur innan hreppamarka. Meðal annars verði heitir pottar viðarkyntir. Einnig verði þar góð aðstaða fyrir húsbíla og fellihýsi. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 1. sept. 2007.*

- Ranaskógur og Bessastaðaárgil verði nýtt sem útivistarsvæði og gönguleiðir verði merktar á báðum þessum stöðum. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 1. sept. 2008.*
- Komið verði á hestaferðum, skemmri og lengri, fyrir ferðamenn. *Ábyrgð: Ferðapjónustuaðilar. Verklök: 1. sept. 2008.*
- Vegur inn fyrir Sturluflöt, að Strútsá, verði gerður fær sem flestum bílum yfir sumarmánuðina, og frá Egilsstöðum inn fyrir Kleif, til að bæta aðgengi ferðafólks að svæðinu og þar með stuðla að gönguferðum inn með Jökulsá og að Strútsfossi. Gönguleiðir frá endum þessara vega verði merktar. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 1. sept. 2009.*
- Komið verði á skipulagðri sölu veiðileyfa til að auðvelda veiðiréttareigendum að hafa arð af réttindum sínum, jafnframt því að auka framboð afþreyingar fyrir ferðamenn í hreppnum. Þetta á bæði við um fisk- og fuglaveiðar. *Ábyrgð: Landeigendur. Verklök: Árslok 2010.*
- Komið verði upp útsýnisstað á Valpjófsstaðarfjalli, fyrir ofan Valpjófsstað. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 2016.*
- Útivistarsvæðinu við Hengifossárgil verði viðhaldið og lokið við gerð göngustígs. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: vor 2007 stöðugt í gangi.*

Þjóðgarður

Stöðulýsing:

- Ríkisstjórnin samþykkti þann 25. janúar 2005 að stofnaður verði þjóðgarður norðan Vatnajökuls, sem nær yfir hluta þessa svæðis.
- Heiðin er mikilvægur hluti af sveitarfélaginu. Mjög víðlend, gróin háslétta sem er óvenjuleg að mörgu leyti en hefur þá sérstöðu að um hana liggja vegir, að hluta malbikaðir, og slóðir, sem gera hana aðgengilega umfram önnur hliðstæð svæði. Vegna virkjunarframkvæmda hafa verið lagðir rafstrengir að mörgum mikilvægustu stöðum heiðarinnar en það, ásamt vegakerfinu, býður upp á möguleika til ýmiss konar starfsemi og uppbyggingar. Sá hluti heiðarinnar sem er næstur byggðinni og allt inn að Laugará, er að mestu gróinn, auk svæðisins austur og suðaustur af Snæfelli. Land þetta liggur í 5-600 m hæð en óvenjulegt er hér á landi að heiðalönd í þeirri hæð séu svo vel gróin. Segja má að á þessum hluta heiðarinnar séu samfelldar veiðilendur (hreindýr, gæsir, rjúpur og refir). Þegar kemur inn undir Laugará breytir heiðin um svip. Gróður minnkar og flatlendinu lýkur en við taka gróðurlitlar sand- og melabreiður með stökum fellum. Yfir öllu svæðinu gnæfir svo Snæfell, hæsta fjall landsins utan jökla, með önnur minni fjöll í kring. Af svæðinu er auðveld og aðgengileg leið upp á Vatnajökul. Austan Jökulsár í Fljótsdal tekur svo við önnur víðátta, Múlinn og Hraunin, sem nú verður mjög aðgengilegt svæði vegna nýrrar brúar við Hafursárufis.
- Heimamenn þurfa að ákveða hvernig þeir vilja sjá fyrir sér uppbyggingu þess hluta þjóðgarðsins sem lendir innan marka sveitarfélagsins.
- Sem stendur er ekki til staðar sú starfsemi innan sveitarfélagsins, að hægt sé að nýta sér aukinn ferðamannafjölda sem reiknað er með í kjölfar stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs inn fyrir hreppamörkin, til tekjuöflunar fyrir íbúana.
- Enn hefur lítil umræða verið um hvernig haga skuli uppbyggingu gistiaðstöðu á svæðinu, bæði innan þjóðgarðs og í tengslum við hann.
- Unnin hefur verið margvísleg vinna í tengslum við ferðaþjónustu og uppbyggingu á svæðinu, þannig að ýmsar heimildir eru til staðar sem hægt er að nýta sér í stefnumótun fyrir svæðið.

Framtíðarsýn:

- ❖ að unnið verði að uppbyggingu þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls í samvinnu og samráði við heimamenn og tekið verði tillit til hagsmuna og sjónarmiða þeirra.
- ❖ að upplýsingum um þá miklu útivistar- og nýtingarmöguleika sem eru á hálendinu umhverfis Fljótsdal verði komið á framfæri og það nýtt í sem mestri sátt við umhverfi og menn.

Verkefnalisti:

- Lögð verði áhersla á að stjórnun þess hluta Vatnajökulsþjóðgarðs, sem verður innan Fljótsdalshrepps, verði í náninni samvinnu við heimamenn. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur, Gunnarsstofnun og Umhverfisstofnun. Verklok: Stöðugt í gangi.*
- Við uppbyggingu þjóðgarðsins verði tekið tillit til hagsmuna heimamanna og þeirra sjónarmiða. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur, Gunnarsstofnun og Umhverfisstofnun. Verklok: Stöðugt í gangi.*

- Skipaður verði vinnuhópur sem setur niður hugmyndir um nýtingu heiðarinnar, í tengslum við þjóðgarðinn. Hlutverk hópsins er m.a. að móta stefnu um hvaða sérkenni svæðisins skuli draga fram og eftir hverju skal sóst í uppbyggingu svæðisins þegar virkjunarframkvæmdum lýkur. Leitað verði eftir samstarfi við sérfróða aðila, t.d. Hólaskóla eða Ferðamálanám innan Háskóla Íslands. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 2007.*
- Þjónustumiðstöð verði á Skriðuklaustri, en í tengslum við skipulagningu þjóðgarðs, verði stefna mótuð um hvar inni á heiðinni uppbygging skuli eiga sér stað. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur, Gunnarsstofnun og Umhverfisstofnun. Verklök: 2008.*
- Haldið verði til haga öllum fáanlegum upplýsingum um gamlar leiðir úr Fljótsdal yfir Vatnajökul og þeim komið á framfæri. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 2008.*
- Byggð verði upp aðstaða inni á heiðinni til að skoða norðurljósín og stjörnuhimininn. Þessi aðstaða sé fjarri allri ljósmengun og verði mjög til hennar vandað. Lögð verði áhersla á gæði og þjónustu. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 2011.*
- Kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu skíðasvæðis austanvert í Snæfelli í tengslum við uppbyggingu þjóðgarðs. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 2013.*
- Kannaðir verði möguleikar á byggingu lúxushótels inni á heiðinni, t.d. í nánd við nýju brúna á Jökulsá við Hafursárufs eða við Laugafell, þar sem lögð verði áhersla á gæði, einstaka staðsetningu og umhverfisvænan rekstur. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklök: 2010.*

Hreindýr

Stöðulýsing:

- Hreindýr hafa mikið verið rannsökuð og eru til talsverðar upplýsingar um þau; líffræði þeirra, ferðir, fæðu o.fl.
- Einnig eru til mjög góð gögn um hreindýraveiðar og var haldin sýning á Skriðuklaustri um hreindýr og hreindýraveiðar árið 2001.
- Verið er að vinna mannfræðiritgerð um hreindýr og áhrif þeirra á samfélagið á svæðinu.
- Mjög gott skipulag er á hreindýraveiðunum. Árlega er ákveðinn sá fjöldi dýra sem má veiða og veiðileyfi seld. Leiðsögumenn með hreindýraveiðum fylgja öllum veiðimönnum en þeir einir hafa réttindi til þess starfs sem lokið hafa sérstöku námskeiði.

Framtíðarsýn:

- ❖ að sú sérstaða svæðisins sem nýting hreindýra er, verði nýtt sveitarfélaginu og íbúum þess til framdráttar og tekjuöflunar.
- ❖ að þær hefðir, venjur og sögur sem fylgt hafa hreindýrunum og nytjum þeirra verði hafðar í heiðri, þeim viðhaldið og komið á framfæri.

Verkefnalisti:

- Hreindýrasýningunni verði aftur komið upp og hún gerð aðgengileg fyrir gesti.
Ábyrgð: Gunnarsstofnun og Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklok: Sumar 2007.
- Haldin verði hvert haust hreindýrahátíð í Végarði. *Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklok: Haust 2005.*
- Koma á ferðum upp á heiði þar sem ferðamönnum gefst kostur á að skoða hreindýr, án þess að veiða þau. Staðkunnugir heimamenn sæju um leiðsögn í þessum ferðum.
Ábyrgð: Ferðamálanefnd sveitarfélagsins. Verklok: Vor 2006.

Virkjun

Stöðulýsing:

- Nokkrir íbúar hafa atvinnu af uppbyggingu virkjunarinnar við Valbjófsstað.
- Einnig fá unglingar í sveitarfélaginu vinnu í tengslum við virkjunina með ýmsum umhverfisverkefnum.
- Fá störf munu verða í hreppnum í tengslum við virkjunina eftir að uppbyggingu lýkur.
- Sú aðstaða sem verður eftir á búðasvæðinu getur nýst til uppbyggingar atvinnustarfsemi, einkum í tengslum við heita affallsvatnið frá virkjuninni.
- Við Teigsbjarg er hellir einn mikill, leifar af framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun. Þetta eru jarðgöng sem búið var að sprengja, u.þ.b. 180 m inn í fjallið og eru líklega um 8 m í þvermál. Bergið þarna er þétt og sterkt og þetta því hin traustasta vistarvera. Þó þarf að ganga frá berginu með bergboltum og sprautusteypu ef hagnýta ætti hellinn.

Framtíðarsýn:

- ❖ að tilvist virkjunar við Valbjófsstað skapi möguleika fyrir íbúa sveitarfélagsins til atvinnuuppbyggingar og lífsviðurværis.

Verkefnalisti:

- Leitað verði eftir hugmyndum um hagnýtingu jarðgangnamunnans við Teig, sveitarfélaginu til hagsbóta. *Ábyrgð: Gunnarsstofnun, landeigendur og hreppsnefnd. Verklök: 2007.*
- Komið verði á fót þróunarverkefni þar sem stuðlað er að nýtingu affallsvatnsins frá virkjuninni, svo sem til viðarþurrkunar. Sköpuð verði skilyrði fyrir fyrirtæki sem yrðu frumkvöðlar á þessu sviði. *Ábyrgð: Hreppsnefnd. Verklök: 2008.*